Skýrsla æskulýðsnefndar Brimfaxa 2014

Æskulýðsnefnd:

Jóhanna Harðardóttir formaður

Valgerður Söring Valmundsdóttir

Sunneva Ævarsdóttir

Árið okkar hefur verið ansi viðburðarríkt þrátt fyrir mikla röskun á öllu starfi Brimfaxa vegna byggingar á reiðhöllinni. En hún verður vonandi tilbúin til notkunnar fyrir okkur í vetur. Fulltúrar í æskulýðsdeildinni hafa verið duglegir við að afla tekna bæði í formi styrkja og gjafa, einnig var haldið styrktarmót. Með því gátum við keypt tvo keppnisjakka merkta Brimfaxa greiddum öll úrtöku-keppnis- og beitargjöld fyrir landsmót og gáfum keppendum okkar flísábreiður merktar félaginu. Þökkum við öllum þeim sem styrktu okkur með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Jólakort

Í desember hittumst við og föndruðum saman jólakort sem send voru styrktaraðilum okkar og þökkuðum þannig fyrir stuðninginn á árinu. Ekki vantaði listrænu hæfileikana hjá börnunum já og þeim fullorðnu, en þar vou sko leyndir hæfileikar á ferð . Eftir föndrið gæddum við okkur á pizzu .

Krakkaspjall

Í janúar héldum við smá fund með krökkunum til að fá að heyra hvaða hugmyndir þau væru með. Margar flottar uppástungur komu og reyndum við að fara eftir óskum þeirra. Eftir spjallið fengum við okkur pizzur og fórum í leiki.

Öryggisvesti

Við sendum út beiðnir um styrk til kaupa á öryggisvestum fyrir yngstu meðlimi okkar og fengum jákvæð viðbrögð frá kvenfélagi Grindavíkur og Lionsklúbbi Grindavíkur. Á framhaldsaðalfundi okkar komu fulltrúar frá félögunum og afhentu okkur 7 öryggisvesti sem að krakkarnir okkar geta fengið að láni þegar þau þurfa. Eftir fundinn gæddu félagsmenn sér á kökum kaffi og gosi.

Fákasel

Í febrúar fór fríður hópur af Brimfaxameðlimum í Fákasel í hestaleikhús. Móttökurnar þar voru hreint út sagt frábærar, við fengum að skoða okkur um og heyra af daglegu starfi og auðvitað að sjá hestana. Eftir það fengum við okkur að borða á veitingastaðnum og sáum svo hina frábæru sýningu Legends of Sleipnir. Bæði ungir sem aldnir nutu hennar í botn og til merkis um það sat yngsti áhorfandinn okkar, þriggja ára gamall, stjarfur allan tímann.

Í mars fóru Brimfaxafélagar saman á töltið í meistaradeild VÍS og létu áhugasamir unglingar það ekki framhjá sér fara og skelltu sér með ☺

Bingó!

Páskabingóið okkar var í apríl og eins og vanalega voru fyrirtækin í Grindavík gjafmild og var spilað um fullt af flottum vinningum.

Mót

Í mai byrjuðum við á að halda létt TREC þrautamót, keppt var á tíma og skein einbeitning og keppnisskap úr öllum augum, verðlaunaafhendingin fyrir það mót var 3 dögum seinna og vorum við líka með happdrætti sem var þannig háttað að allir keppendur fóru heim með vinning. Mótið var styrkt af Þurrkuðum fiskafurðum.

Brimfaxi.is

Innanfélagsmót í tölti var líka í maí og var vel sótt af krökkunum og metnaðurinn og áhuginn það mikill að einn keppandi mætti og keppti fótbrotin.

Úrtaka fyrir landsmót var haldin á Mánagrund og vorum við með 2 fulltrúa í unglingaflokki en önnur þeirra varð frá að hverfa þar sem að hún fótbrotnaði og fór því einn fulltrúi frá Brimfaxa á landsmót Aldís Gestsdóttir og stóð hún sig með stakri prýði.

Styrktarmót

Í júní héldum við styrktarmót í formi smala. Mótið var opið og var keppt í öllum flokkum polla, barna, unglinga, karla, kvenna og opnum flokki já og ekki má gleyma teymdum tengdamömmum.
Verðlaunin voru ekki ef verri endanum flottir gúmmítaumar sem Lífland gaf okkur og verðlaunapeningar sem höfðu gengið af í gegnum árin hjá félaginu sem æslulýðsfulltrúar höfðu dundað sér við að merkja upp á nýtt.

Námskeið

Torunn Hjelvik kom til okkar í júní og var með reiðtíma og gátu krakkarnir fengið kennslu sem hentaði hverjum og einum og voru þessir tímar niðurgreiddir af Brimfaxa.

Brimfaxi var einnig í samstarfi við Arctic Horses í júní júlí og ágúst þar sem áhugasamir krakkar gátu sótt námskeið hvort sem þeir áttu hest sjálfir eða ekki. Gaman var af því að þangað komu krakkar sem ekki bara voru búsettir í Grindavík.

Þó að það teljist ekki til viðburða hjá Brimfaxa þá hafa krakkarnir okkar verið mjög duglegir við að vinna í kringum félagið, hjálpað til í reiðhöllinni staðið vaktina í kaffisölu og margt fleira. Síðast og alls ekki síst höfum við átt glæsilega fulltrúa á mótum í sumar. Við áttum fulltrúa á :
WR móti Spretts, Landsmóti, Íslandsmóti, Stórmóti Geysis, Suðurlandsmóti og Sumarsmelli Harðar.

Með kærri kveðju úr Grindavík
Fyrir hönd æskulýðsnefndar Brimfaxa
Jóhanna Harðardóttir